

FRÉTTABRÉF BHS

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnabraut 13, 540 Blönduós

10. árg. 9. tbl. 2011

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: www.rhs.is

Ábm. Gunnar Ríkharðss.

netf.: rhs@bondi.is

netf.: rhs@bondi.is

September 2011

Lambaskoðanir

Lambaskoðun verður unnin með svipuðum hætti og undanfarin ár. Gjaldtaka er sú sama á öllu svæðinu og verður tímagjaldið 3.700 kr./klst/ráðunaut án vsk. Þeir sem óska sérstaklega eftir skoðunum um helgar greiða 50% álag ofan á það gjald. Lágmarksgjald á hverjum stað er fyrir 0,5 klst. Mikilvægt er að lömb og vinnuaðstaða séu tilbúin og nægur liðsafl, svo þessi þjónusta verði sem ódýrust.

Panta þarf ómskoðun með nokkrum fyrirvara til að hægt sé að skipuleggja vertíðina vel. Því fyrir sem bændur panta því meiri líkur eru á að hægt sé að verða við óskum þeirra um tíma. Til að auðvelda skipulagningu er gott að bændur séu búnir að gera sér nokkurn veginn í hugarlund hvað þeir ætla að láta skoða mikinn fjölda áður en þeir panta skoðun. Hægt er að panta símleiðis og eins með því að senda tölvupóst á rhs@bondi.is.

Líkt og undanfarin ár verður dagatal ómskoðunar uppfært reglulega á heimasíðu búnaðarsambandsins www.rhs.is sem getur vonandi hjálpað bændum við að finna tíma sem þeim hentar.

Langflestir bændur eru farnir að slá sjálfir dómana inn í fjárvísi. **Við hjá BHS munum taka tímagjald fyrir innslátt dóma þar sem menn gera það ekki sjálfir.** Eru menn hvattir til að slá alla dóma inn sem fyrst eftir skoðun svo þessar upplýsingar nýtist sem best í áframhaldandi fjárragi og ásetningsvali. Bændur geta síðan sjálfir keyrt afkvæmarannsókn til að sjá hvernig hrútarnir koma út miðað við ómskoðun og þau sláturlömb sem komnar eru upplýsingar um. Við munum þó einnig gera upp afkvæmarannsóknir eins og verið hefur þegar lambaskoðunum er lokið.

Við val á lömbum til skoðunar er kynbótamatið (BLUP-ið) í haustbókinni sjálfsagt hjálpartæki. Það byggir á ætternismati og er því mun öruggara eftir því sem ættfærslur eru áreiðanlegri. Áherslur á mismunandi eiginleika fara eftir stöðu á hverju búi, ef t.a.m. ekki er næg frjósemi í stofninum, ætti að leggja áherslu á að velja ásetninglömb eftir kynbótamati fyrir frjósemi o.s.frv. Hægt er að taka lambabókina út í excel af fjarvis.is og merkja lömb með mismunandi litum t.d. eftir kynbótamati, ætterni og fleiru. Þeir sem vilja fá aðstoð við það geta haft samband við Önnu Möggu hjá BHS.

Afkvæmarannsóknir

Samanburður á hrútum í gegnum afkvæmarannsóknir er tvímælalaust árangursríkasta leiðin til að meta kynbóttagildi þeirra til kjötgæða. Þar eru hrútarnir metnir með tilliti til þess hvernig afkvæmi þeirra flokkast í sláturhúsi og stigast og mælast á fæti. Ljóst er að margir bændur hafa náð miklum framförum í kjötgæðum með markvissri ræktun og notkun afkvæmarannsókna.

Framkvæmd afkvæmarannsóknanna verður eins og verið hefur, þ.e. skilyrði er að ómskoðuð séu að lágmarki 8 lömb (eingöngu gimbrar eða eingöngu hrútar) undan hverjum hrút og að kjötmatsupplýsingar liggi fyrir um a.m.k. 10-12 lömb. Til að uppgjör geti farið fram þarf bóndi að hafa skilað vorbók.

Í ár verða einungis styrktar afkvæmarannsóknir þar sem eru 8 hrútar eða fleiri og nemur styrkurinn 10.000 kr. Þessir peningar eru teknir af rannsóknar- og þróunarfjárluta sauðfjársamnings. Við munum samt að sjálfsögðu gera upp og/eða aðstoða menn við uppgjör á afkvæmarannsóknum með færri hrúta eins og verið hefur.

www.fjarvis.is

Við viljum hvetja þá sem ekki eru komnir í netskil í Fjarvis.is en hafa aðgang að góðri nettengingu að skoða þennan möguleika alvarlega nú með haustinu. Haustvinnan í skýrsluhaldinu minnkar geysilega með því að vera í fjarvis.is og fá t.a.m. sláturupplýsingar sendar beint heim í tölvu frá sláturhúsinu. Hægt er að útbúa hvers konar skýrslur og útprentanir úr lambabók sem nýtast vel í fjárhúsunum í haustraginu.

Heysýnataka

Mikil vakning hefur orðið í sumar á heysýnatöku og er það vel. Við hvetjum menn til að leita síðan til okkar hjá BHS með niðurstöðurnar ef menn vilja leiðbeiningar um fódrun og/eða áburðargjöf út frá niðurstöðunum.

Við munum verða á ferðinni með heysýnaborinn í næstu viku (5.-9. september) ef einhverjir hafa gleymt að taka hirðingarsýni eða hafa viljað fá sýni úr verkuðu fódri. Við þurfum því að fá að vita af þeim sem vilja láta taka hjá sér sýni ekki seinna en á mánudag 5. september svo hægt sé að skipuleggja ferðir okkar.

Verð fyrir hefðbundnar mælingar (með steinefnum)	kr. 5.300, á hvert sýni án vsk
Verð án steinefna	kr. 2.900, á hvert sýni án vsk
Viðbót fyrir NorFór kerfið (aska, sCP, NDF og iNDF	kr. 1.500, á hvert sýni án vsk
(Norförgreining með steinefnum kr. 6.800 á sýni án vsk)	

Áætlaður tími frá því sýnin koma í hús hjá LbhÍ þar til niðurstöður fást er 30 dagar.

Þeir bændur sem ætla að láta gera fyrir sig fóduráætlun í NorFor gætu þurft að bíða eitthvað lengur því gerjun í heyinu þarf að vera búin að eiga sér stað og er þá talað um 4-6 vikum eftir að heyinu var pakkað inn. Gott væri samt að fá að vita af þessum bæjum svo hægt sé að taka sýni um leið og sá tími er liðinn.

Styrkir til efnagreininga

Samþykkt var tillaga á síðasta aðalfundi BHS um að veittir yrðu styrkir úr Þróunarsjóði BHS til hey- og jarðvegssýnatöku. Ákveðið var að ef bóndi lætur efnagreina 3 eða fleiri heysýni eða 3 eða fleiri jarðvegssýni þá styrki Þróunarsjóðurinn viðkomandi bónda um 5.000 kr. sem greitt verður skv. yfirliti frá rannsóknarstofu. Einnig fær bóndi þá gerða fyrir sig áburðaráætlun hjá BHS næsta vetur án gjaldtöku. Einhver búnaðarfélag ætla auk þess að styrkja enn frekar sýnatökur sinna félagsmanna. Skorar stjórn Þróunarsjóðs BHS á fleiri aðildarfélag að hvetja sína félagsmenn til að taka hey og/eða jarðvegssýni og veita þeim fjárhagslegan stuðning við það ef mögulegt er.

Úttektir á jarðabótum

Þeir sem ekki hafa sótt um úttekt á þróunar- og jarðabótum eru vinsamlegast beðnir að láta vita í síðasta lagi **15. september** en ætlunin er að klára úttektir eins tímanlega og hægt er í haust. Hægt er að hafa samband á skrifstofuna en einnig er hægt að sækja um úttekt í þessa flokka á rafrænu formi á www.bondi.is. Til að fá úttekt verður ræktun að vera meiri en 1,5 ha. Framlag á hektara ræðst af umfangi ræktunar.

Gert er ráð fyrir að það verði 15.000 kr á hektara að 20 hektara ræktun og 10.000 kr á hektara umfram 20 hektara að 40 hektara ræktun en skerðist hlutfallslega á hvern hektara ef fjármunir hrökkva ekki til. Ef afgangur verður, deilist hann á alla ræktaða hektara. Aðeins er greitt út á heila hektara og venjulegar reglur um námundun gilda.

Viðvera á skrifstofum

Þegar lambaskoðanir hefjast verður óhjákvæmilega minni viðvera á skrifstofum okkar. Seinni part september og út október má allt eins búast við að þriðjudags viðvera á Hvammstanga falli niður og sömuleiðis er ekki á vísan að róa með viðveru á Blönduósi. Bændur eru því hvattir til að nota netfangið okkar rhs@bondi.is sem mest til að koma óskum um lambaskoðunardaga eða annað á framfæri. Einnig er hægt að hringja í okkur í gsm-síma.
